

# Siðanefnd Blaðamannafélags Íslands

## Mál nr. 10/2021-2022

**Kærandi:** Ómar R. Valdimarsson.

**Kærði:** Reynir Traustason ritstjóri Mannlífs.

**Kæruefni:** Umfjöllun Mannlífs um meint skattsvik kæranda, hótun hans um málsókn og ákúrun siðanefndar lögmanna vegna gjaldtöku.

### Málsmeðferð:

Kæran barst með tölvupósti dags. 23. febrúar 2022 og var tekin fyrir á fundum siðanefndar 1. og 15. mars og 12. apríl. Óskað var eftir viðbrögðum kærða og bárust þau með tölvupósti dags. 18. mars.

### Málavextir:

Í bréfi kæranda eru tilgreind þrjú kæratriði í sömu umfjöllun Mannlífs 18. febrúar: 1) Umfjöllun Mannlífs þess efnis að kærandi hafi stundað skattsvik með því að þiggja greiðslur skjólstæðinga sinna sem hann gæfi ekki upp til skatts. 2) Umfjöllun þess efnis að kærandi hafi hótað að stefna netverja vegna myndbirtingar af kæranda á Facebook 31. janúar. 3) Ásökun um ákúrun siðanefndar lögmanna fyrir að ofrukka veikan skjólstæðing.

Umrædd skrif eru birt í dálkinum Orðrómur en um tvö fyrrnefndu atriðin hafði áður verið fjallað í öðrum miðli, frettin.is. Þar var m.a. vitnað í færslu einstaklings á Facebook og birt mynd af kæranda og hann vændur um að bjóða skjólstæðingum að borga undir borðið til að sleppa við skatt.

### Umfjöllun:


Skrif Mannlífs um kærð atriði birtust í dálkinum Orðrómur og er efnið endursögn á umfjöllun á vefnum frettin.is þann 7. febrúar. Venju samkvæmt óskaði Siðanefnd eftir viðbrögðum kærða og bárust þau frá lögmanni hans. Krefst kærði þess að málinu verði vísað frá siðanefnd en til vara að kröfum kæranda verði hafnað.

Ljóst er að hin tvö fyrstnefndu kærðu umfjöllunarefni á vef Mannlífs hafa áður komið fram í frétt á vefmiðlinum frettin.is. Siðanefnd telur að hafi kærandi athugasemdir við birtingu þessa efnis hefði talist eðlilegra að beina kærinni á hendur þeim miðli. Siðanefnd tekur ekki efnislega afstöðu til birtingar þessa efnis en þykir rétt að vísa frá kæruefnum á hendur Reyni Traustasyni og Mannlífi. Varðandi þriðja kæruefnið er það álit siðanefndar að þar sé farið með rétt mál og kærði teljist ekki hafa brotið siðareglur í því atriði.


**Úrskurður:**

Í máli 10/2021-2022 er kæruliðum 1 og 2 vísað frá og kærði sýknaður af kærulið 3.


Reykjavík 12. apríl 2022




Hjörtur Gíslason




Friðrik Þór Guðmundsson



Fanney Birna Jónsdóttir



Emma Björg Eyjólfsdóttir



Jóhannes Tómasson